



Árið 2024, föstudaginn 22. mars, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Ómar Stefánsson varaformaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor og Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður.

Fyrir var tekið mál nr. 9/2024, kæra á ákvörðun byggingarfulltrúa Mosfellsbæjar frá 16. janúar 2024 um að leggja á kæranda dagsektir að fjárhæð kr. 10.000 frá og með 15. febrúar 2024 verði smáhýsi á lóðinni Hamrabrekkum 11 ekki fjarlægð.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 25. janúar 2024, er barst nefndinni sama dag, kærir eigandi lóðarinnar Hamrabrekkna 11, Mosfellsbæ, þá ákvörðun byggingarfulltrúa Mosfellsbæjar frá 16. janúar 2024 að leggja á kæranda dagsektir að fjárhæð kr. 10.000 frá og með 15. febrúar 2024 verði smáhýsi á lóðinni ekki fjarlægð. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi og að réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar verði frestað á meðan málið er til meðferðar fyrir úrskurðarnefndinni.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Mosfellsbæ 9. febrúar 2024.

Málavextir: Hinn 20. júní 2023 sendi eigandi lóðarinnar Hamrabrekkna 10, Mosfellsbæ, sveitarfélaginu erindi þess efnis að lóðinni Hamrabrekkum 11 hefði verið raskað og hún hækkuð. Verið væri að byggja smáhýsi sem eigandi lóðarinnar Hamrabrekkna 10 taldi skerða útsýni sitt auk þess sem þau væru of há og fyrir utan byggingarreit. Erindinu var svarað 21. s.m. og kom þar fram sú afstaða bæjaryfirvalda að svæðið hefði verið skoðað og að viðkomandi mannvirki væri ekki byggingarleyfisskylt.

Eigandi Hamrabrekkna 10 fór fram á að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála tæki afstöðu til þess hvort bygging tveggja kofa á lóðinni Hamrabrekkum 11 væri háð byggingarleyfi með vísan til 4. mgr. 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 77/2023, uppkveðnum 19. júlí 2023, var komist að þeirri niðurstöðu að hin umdeildu smáhýsi væru byggingarleyfisskyld þar sem ekki væri í gildi deiliskipulag fyrir það svæði sem þau stæðu á, en í 1. mgr. gr. 2.3.5. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 væri samræmi við deiliskipulag gert að skilyrði fyrir þeim undanþágum frá skyldu til öflunar byggingarheimildar og byggingarleyfis sem þar væru taldar upp.

Í kjölfar úrskurðarins sótti kærandi um byggingarleyfi hinn 27. júlí 2023 vegna tveggja geymslna á lóðinni Hamrabrekkum 11. Byggingarfulltrúi Mosfellsbæjar sendi kæranda tölvupóst 14. ágúst s.á. þar sem fram kom að samanlagt byggingarmagn á lóðinni væri 130 m² og því væri ekki hægt að samþykkja frekari byggingar á henni.

Með bréfi byggingarfulltrúa, dags. 25. september 2023, var skorað á kæranda að fjarlægja tvö smáhýsi á suðurenda lóðarinnar Hamrabrekkna 11 og var honum veittur frestur til 22. október s.á. til að ljúka því verki. Jafnframt var vakin athygli á heimildum byggingarfulltrúa skv. 55.

og 56. gr. laga nr. 160/2010 til að stöðva framkvæmdir og að knýja á um úrbætur, en byggingarfulltrúi gæti látið fjarlægja húsin á kostnað eiganda þeirra yrði kærandi ekki við framangreindri áskorun. Þá gæti byggingarfulltrúi lagt á dagsektir til að knýja á um að umrædd mannvirki yrðu fjarlægð. Kæranda var síðar veittur viðbótarfrestur til 22. nóvember 2023 til að fjarlægja smáhýsin.

Kærandi kærði framangreinda ákvörðun til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 131/2023, uppkveðnum 22. desember 2023, var málinu vísað frá nefndinni þar sem hin kærða ákvörðun hefði einungis falið í sér áskorun, en ekki lokaákvörðun í málinu í skilningi 2. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í kjölfar úrskurðarins sendi byggingarfulltrúi Mosfellsbæjar kæranda bréf, dags. 16. janúar 2024, þar sem tilkynnt var um álagningu dagsekta að fjárhæð kr. 10.000 frá og með 15. febrúar 2024 á þeim grundvelli að kærandi hefði ekki orðið við kröfu byggingarfulltrúa um að fjarlægja smáhýsin. Er það hin kærða ákvörðun í máli þessu.

Málsrök kæranda: Af hálfu kæranda er bent á að brotið hafi verið gegn leiðbeiningar-, rannsóknar- og andmælaeignunni, sbr. 7., 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þar sem kærandi hafi ekki fengið að tjá sig um hina kærðu ákvörðun áður en hún hafi verið tekin. Þá hafi verið brotið gegn jafnræðisreglunni, sbr. 11. gr. stjórnsýslulaga, þar sem fjölmörg smáhýsi séu á svæðinu.

Málsrök Mosfellsbæjar: Af hálfu Mosfellsbæjar er því hafnað að brotið hafi verið gegn 7., 10., 11. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Kærandi hafi fengið allar nauðsynlegar upplýsingar til að gæta hagsmuna sinna þegar litið sé til atvika málsins og að allar upplýsingar hafi legið fyrir svo taka mætti hina kærðu ákvörðun. Þá hafi ekki verið skylt að veita kæranda andmælarétt, m.a. þar sem grundvöllur málsins hafi byggst á úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 77/2023. Það sé máli þessu óviðkomandi að smáhýsi séu á öðrum lóðum í sveitarfélaginu.

Aðilar máls þessa hafa fært fram ítarlegri rök fyrir máli sínu, sem ekki verða rakin hér frekar, en úrskurðarnefndin hefur haft þau öll til hliðsjónar við úrlausn málsins.

Niðurstaða: Í máli þessu er deilt um ákvörðun byggingarfulltrúa Mosfellsbæjar frá 16. janúar 2024 um álagningu dagsekta að fjárhæð kr. 10.000 verði smáhýsi á lóðinni Hamrabrekkum 11 ekki fjarlægð fyrir 15. febrúar 2024.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki er óheimilt að grafa grunn fyrir mannvirki, reisa það, rífa eða flytja, breyta því, burðarkerfi þess eða lagnakerfum eða breyta notkun þess, útliti eða formi nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarfulltrúa. Með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 77/2023, uppkveðnum 19. júlí 2023, var komist að þeirri niðurstöðu að hin umdeildu smáhýsi væru byggingarleyfisskyld. Fyrir liggur að byggingarleyfi hefur ekki fengist fyrir smáhýsunum.

Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. laga nr. 160/2010 er byggingarfulltrúa heimilt að beita dagsektum allt að 500.000 kr. til að knýja menn til þeirra verka sem þeir skulu hlutast til um samkvæmt lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða láta af ólögmætu athæfi. Samkvæmt framangreindu var byggingarfulltrúa heimilt að leggja á dagsektir vegna hinna ólögmætu framkvæmda og þykja dagsektir hans ekki úr hófi. Með hliðsjón af forsögu þessa máls verður

ekki talið að brotið hafi verið á andmælarétti kæranda skv. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Þá verður ekki séð að aðrar málsmeðferðarreglur laganna hafi verið brotnar við meðferð málsins. Verður kröfu um ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar því hafnað.

Með vísan til 2. mgr. 29. gr. stjórnslulaga, sbr. einnig 3. mgr. 5. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þykir rétt að dagsektir sem kunna að hafa verið lagðar á frá og með 15. febrúar 2024 til og með uppkvaðningu þessa úrskurðar falli niður.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúa Mosfellsbæjar frá 16. janúar 2024 um að leggja á kæranda dagsektir að fjárhæð kr. 10.000 frá og með 15. febrúar 2024 verði smáhýsi á lóðinni Hamrabrekkum 11 ekki fjarlægð.

Dagsektir sem kunna að hafa verið lagðar á samkvæmt hinnar kærðu ákvörðun til og með uppkvaðningu þessa úrskurðar falla niður.

Ómar Stefánsson (sign)

Aðalheiður Jóhannsdóttir (sign)

Karólína Finnbjörnsdóttir (sign)